

Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. október 2012
Tilvísun: UST20120800110/ksj

Tillaga að deiliskipulagi fyrir - Ytri Skóga 2012.

20120800110

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings Eystra er barst 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Ytri – Skóga.

Mörk skipulagssvæðis

Skipulagssvæðið nær til alls mannvirkjasvæðis í Ytri Skógi norðan þjóðvegar nr. 1. Svæðið afmarkast af ánni Kvernu í austri og nær upp fyrir fossinn Brekkubrún er norðurjaðar skipulagssvæðisins fram að fossbrún Skógfoss. Vesturmörk svæðisins eru mörk friðlýsingar Skógaár. Suðurjaðar er þjóðvegur 1 frá brú á Skógaá að horni til móts við miðja flugbraut, sem er sunnan vegar. Þaðan með Kvernu að brekkurótum.

Náttúruminjar:

Náttúruvætti

Eins og fram kemur í kafla um forsendur er friðlýst svæði, Skógfoss innan deiliskipulagssvæðisins. Skógfoss undir Eyjafjöllum var friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingi í Stjórnartíðindum B nr. 477/1987. Mörk friðlýsta svæðisins sjást í auglýsingunni. Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur: 1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs, nú Umhverfisstofnunar. Skylt er að hlíta ábendingum stofnunarinnar um staðarval, útlit og frágang mannvirkja. 2. Gangandi fólki er heimil fyrir um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum. 3. Akstur utan vega er óheimill. 4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum. Á jaðarsvæðum gilda ekki reglurnar um náttúruvættið, en öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi Ytri Skóga er áætlað að byggja upp bílastæði kringum

gamla barnaskólann, á svæði sem að hluta er innan friðlýsta svæðisins. Einnig er ætlunin að gera göngustíga innan friðlýsta svæðisins og útsýnispall með aðgengi fyrir alla Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglum er gilda um náttúrvættið skal afla leyfis Umhverfisstofnunar fyrir allri mannvirkjagerð á friðlýsta svæðinu.

Í umfjöllun um aðstöðu ferðamanna kemur fram að gert er ráð fyrir akfærum stíg vegna eftirlits og þjónustu á friðlýsta svæðinu og hugsanlegt er að leyfa aðkomu fatlaðra nær fossinum, og að það sé þá sérstök ákvörðun. Umhverfisstofnun bendir á að skv. ofangreindu þá er slik ákvörðun og framkvæmdir við akfærar stíg háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Svæði á náttúruminjaskrá

Á svæði deiliskipulagstillögunnar er svæði á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „**712. Kvernugil, A-Eyjafallahreppi, Rangárvallasýslu. Gilið og nánasta umhverfi. Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, þ.e. Kvernufoss.**“


Byggingarlóðir


Í ofangreindri deiliskipulagstillögu eru áætlanir um uppbyggingu að Skógum: Nýjum byggingarreitum er bætt við á safnasvæðinu, við Skógaskóla og við Skógarfossveg. Einnig er áætlaður viðbótar byggingarreitur við gamla barnaskólann og tvær nýjar lóðir við hlið félagsheimilsins. Á lóð gamla barnaskólans er áætluð nýbygging alls 800 m² að hámarki. Einnig er gert ráð fyrir nýbyggingum að hámarki 650 m² á ferðaþjónustulóðirnar við hlið félagsheimilins. Að mati Umhverfisstofnunar er um nokkuð stórar byggingar að flatarmáli, en þar sem byggingarnar eru áætlaðar á einni hæð, gerir stofnunin ekki athugasemdir við tillöguna. Í deiliskipulagstillöggunni eru flest nýju húsin sem gert er ráð fyrir stök á sinni lóð. Undantekning eru tvö raðhús vestan við Skógaskóla. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vandað verði til hönnunar á útliti raðhúsanna svo þau stingi ekki í stúf við heildarsvip svæðisins.

Framtíðar byggingarsvæði

Í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillögunni er hugað að framtíðar byggingarsvæði norðan Kvernuár, bæði sunnan við Skógarfossveg og norðan bygginganna við veginn. Á uppdrætti er sýnir deiliskipulagstillögunni eru þessi framtíðar byggingarsvæði ekki merkt sérstaklega Umhverfisstofnun telur því að umfjöllun um svæðin biði þess að fram komi lýsing að deiliskipulagi þeirra.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur